SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík 29. október 2018

Til félagsmálastjóra og annarra stjórnenda í félagsþjónustu sveitarfélaga

1806019SA TÞ
Málalykill: 02.00

Efni: Innleiðing nýrra og breyttra laga um félagsþjónustu - upplýsingar um stöðu mála í lok október 2018

Sambandið vill með þessu bréfi koma koma upplýsingum á framfæri við stjórnendur á vettvangi félagsþjónustu sveitarfélaga.

1. Setning reglugerða á grundvelli nýrra og breyttra laga

Þann 23. október áttu fulltrúar sambandsins fund með embættismönnum í ráðuneytinu (hinu væntanlega félagsmálaráðuneyti). Farið var yfir fyrstu drög að kostnaðarmati vegna reglugerða sem eru í vinnslu.

Á fundinum kom fram að efni reglugerðanna liggur enn ekki fyrir og að mögulega kunni einhver atriði þeirra enn að breytast. Af hálfu sambandsins var tekið fram að gefa verði ráðrúm til þess að fara yfir heilleg drög að kostnaðarmati þegar efni reglugerðanna liggur fyrir. Sambandið telur að ætla verði allt að eina vinnuviku í þetta verkefni. Umsögn sambandsins um kostnaðarmatið verður kynnt stjórnendum um leið og hún liggur fyrir.

Til þess að gæta hagsmuna sveitarfélaga við kostnaðarmatið þarf sambandið að fá upplýsingar um fáein atriði. Þessi atriði koma fram í meðf. skjali og eru viðtakendur vinsamlegast beðnir um að bregðast við og senda svör við spurningum til undirritaðra. Best væri ef svörin gætu legið fyrir eigi síðar en fimmtudaginn 1. nóvember n.k.

2. Útgáfa leiðbeininga

Á fundinum í gær kynnti ráðuneytið að hafist hefði verið handa við gerð leiðbeininga sem því er falið að gefa út skv. nýjum og breyttum lögum. Um er að ræða eftirfarandi leiðbeiningar:

- Um framkvæmd sértækrar frístundaþjónustu
- Um þjónustu stuðningsfjölskyldna
- Um framkvæmd stuðningsþjónustu (grunnþjónustu) samkvæmt VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga
- Um akstursþjónustu

Tengiliður ráðuneytisins vegna frístundaþjónustuverkefnisins er Guðríður Bolladóttir. Sambandið mun miðla upplýsingum um aðra tengiliði þegar þær liggja fyrir.

Varðandi leiðbeiningar um styrki vegna tækjakaupa o.fl. (m.a. tölvur til nota í námi og starfi) þá er rétt að upplýsa að heilbrigðisráðherra hefur skipað starfshóp sem vinnur að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi hjálpartækjamála. Fulltrúi sambandsins átti nýverið

fund með starfshópnum þar sem m.a. var reifuð sú hugmynd að forræði umræddra styrkja (skv. 25. gr. laga nr. 38/2018) flyttist yfir til Hjálpartækjamiðstöðvar SÍ.

Sambandið óskar eftir viðhorfum stjórnenda í málaflokki fatlaðs fólks til þessarar hugmyndar, sbr. meðf. Áform af svipuðum toga voru rædd í tengslum við endurmatið og fólu í sér að forræðið flyttist yfir til Vinnumálastofnunar. Skiptar skoðanir komu fram meðal stjórnenda á vettvangi þjónustusvæða og náði tillagan ekki fram að ganga.

Til viðbótar þessu skal nefnt að útgáfa leiðbeininga er ekki nefnd þegar kemur að stoðþjónustu í lögum um þjónustu fatlað fólk. Fyllsta ástæða var þó til þess að tryggja samræmi gagnvart leiðbeiningum um stuðningsþjónustu í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Af þeirri ástæðu tók sambandið að sér að útbúa e.k. „skapalón" sem sveitarfélög gætu nýtt. Þessi vinna er komin áleiðis og standa vonir til þess að miðla megi skjalinu til stjórnenda í félagsþjónustu fljótlega upp úr mánaðarmótum.

3. NPA

Eins og kunnugt er óskaði sambandið eftir því að sveitarfélögin fengju aukið ráðrúm til þess að bregðast við lögfestingu NPA sem þjónustuforms. Ráðuneytið féllst hins vegar ekki á þessa ósk sambandsins, sbr. meðf. svarbréf.

Óvissa er því enn fyrir hendi um það hvernig sveitarfélögum er ætlað að stíga fyrstu skrefin í því umhverfi að NPA sé lögfest þjónustuform. Stjórn sambandsins ályktaði um málið á fundi sínum þann 10. október sl. (sjá meðf.) og átaldi m.a. þann drátt sem orðið hefur á því að fyrir liggi kostnaðarmetin reglugerð sem lýsir framkvæmdinni. Meðf. er einnig til upplýsingar minnisblað sambandsins um röksemdafærslu ráðuneytisins.

Nokkur þrýstingur er á sveitarfélög/þjónustusvæði að endurnýja eldri NPA-samninga og gera nýja þrátt fyrir að ýmislegt sé enn óljóst varðandi framkvæmdina. Mælt er með eftirfarandi framgangsmáta:

a) Tekið sé á móti umsóknum um nýja samninga og staðfesting send umsækjanda þar sem fram komi að umsóknin sé í bið en verði tekin til efnislegrar meðferðar þegar nauðsynlegar reglur um NPA eru komnar til framkvæmda (bæði miðlægt og innan þjónustusvæða) sem og um starfsleyfi, eftirlit og úrræði á biðtíma.

b) Notendum með NPA-samninga verði send staðfesting á því að gengið verði til endurnýjunar á samningi þeirra (á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I með lögum nr. 38/2018) þegar nauðsynlegar reglur um NPA eru komnar til framkvæmda (bæði miðlægt og innan þjónustusvæða) sem og um starfsleyfi, eftirlit og úrræði á biðtíma.

c) Ekki verði hafist handa við mat á stuðningsþörf umsækjenda eða endurskoðun á mati núverandi samningshafa fyrr en reglur liggja fyrir. Taka ætti fram að samkomulag um tímafjölda sem gert verður á grundvelli mats á stuðningsþörf, sé háð samþykki af hálfu ríkisins fyrir 25% hlutdeild í heildarandvirði samnings sem gerður er um umsýsluna (einstaklingssamnings um NPA).

d) Taka ætti fram að gildistími einstaklingssamnings um NPA (endurnýjaðs eða nýs frá grunni) miðist við undirritun en ekki móttöku umsóknar eða aðra dagsetningu. Gengið sé út frá því að gildistími núverandi samninga fái sjálfkrafa framlengingu þar til endurnýjaður samningur er undirritaður.

e) Ákvörðun um að setja umsókn í bið virkjar ekki leiðbeiningarskyldu um málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála á grundvelli 34. og 35. gr. laganna.

Standi vilji sveitarfélags/þjónustusvæðis til þess að gera/endurnýja NPA samning með formlegum hætti áður en nauðsynlegar reglur eru komnar til framkvæmda eru ráðleggingarnar þessar:

a) Samtal um tímafjölda þjónustu þarf að eiga sér stað á grundvelli mats á stuðningsþörf. Veita þarf notanda leiðbeiningar um að hann getur borið niðurstöðu matsins og tímafjölda undir úrskurðarnefnd velferðarmála.

b) Áríðandi er að samkomulag sveitarfélags/þjónustusvæðis og notanda um tímafjölda innihaldi alltaf skýran fyrirvara um gildi samkomulagsins. Fram þarf að koma að samkomulagið, og mat á tímafjölda sem það byggir á, sé háð samþykki af hálfu ríkisins fyrir 25% hlutdeild í heildarandvirði samnings sem gerður er um umsýsluna (einstaklingssamnings um NPA).

c) Fyrirvari þarf einnig að vera á því að efni reglugerðar og/eða reglna sveitarfélags/þjónustusvæðis geti framkallað einhliða breytingu á samkomulagi við notanda og einstaklingssamningi um NPA.

d) Út frá fyrirkomulagi vinnuveitendaábyrgðar er eindregið mælt gegn því að sveitarfélög/þjónustusvæði ljái máls á því að vera umsýsluaðili í NPA. Notandi á samkvæmt því val á milli tveggja leiða, þ.e. að semja við umsýsluaðila eða annast umsýsluna sjálfur.

e) Fyrirvara þarf jafnframt að setja gagnvart því ef mat á stuðningsþörfum bendir til þess að þjónustuaðilar, aðrir en félagsþjónusta sveitarfélaga, þurfi að koma að gerð NPA-samnings, t.d. með gerð viðauka um heilbrigðistengda aðstoð á heimili sjúklings. Einnig getur gildi NPA-samnings verið háð því að viðkomandi þjónustuaðilar taki þátt í þverfaglegu þjónustuteymi skv. 2. mgr. 12. gr. laganna.

4. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga vegna 2019

Ný og breytt lög munu hafa einhver áhrif á gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga, m.a. hvernig útgjöld bókast á deildir. Í framhaldi af yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk árið 2011 tók reikningsskila- og upplýsinganefnd saman álit um bókun á útgjöldum sveitarfélaga vegna þess málaflokks. Það álit studdist m.a. við þá staðreynd að halda bæri útgjöldum til haga vegna endurmats sem fram fór á árunum 2014 og 2015.

Endurmatinu er lokið og ný lög greina með öðrum hætti á milli málaflokka og breyttar skilgreiningar eru á einstökum þjónustuþáttum. Að mati sambandsins er engin ástæða til þess að viðhalda eldri aðgreiningu í bókhaldi sveitarfélaga m.a. milli liðveislu og frekari liðveislu. Margt mælir með því, m.a. samþættingarrök, að heimfæra stuðningsþjónustu undir eina og sömu deildina enda þótt um hana sé fjallað í tvennum lögum. Sambandið mun óska eftir umfjöllun reikningsskila- og upplýsinganefndar um þetta málefni og kynna niðurstöður fyrir sveitarfélögum. Óvíst er hins vegar að þær niðurstöður liggi fyrir í tæka tíð til þess að leggja megi þær til grundvallar við frágang fjárhagsáætlunar 2019.

Ljóst er að breyttar skilgreiningar á þjónustuþáttum geta einnig haft áhrif á starfslýsingar. Kjarasvið sambandsins hyggst skoða samspilið milli breyttra starfslýsinga og framkvæmdar kjarasamninga (þ.e. hvort breyttar skilgreiningar á þjónustuþáttum

hafi einnig áhrif starfsmat og röðun starfa). Niðurstöður úr þeirri skoðun verða kynntar fyrir stjórnendum sveitarfélaga.

Fyrir liggur að sú breyting sem nú verður á, þ.e. að grunnþjónusta sé skilgreind allt að 15 tímum á viku, mun hafa fjárhagsleg áhrif hjá hluta af sveitarfélögunum, einkum þeim sem hafa miðað við lágan stundafjölda í félagslegri heimaþjónustu. Sambandið hvetur sveitarfélög til þess að mæla þennan útgjaldaauka eftir því sem hægt er og halda honum til haga. Á þessu stigi felur slík upplýsingaöflun í sér kortlagningu á útgjaldaþörfum sveitarfélaga m.a. út frá sjónarmiðum um jöfnunaraðgerðir þeirra á milli. Hins vegar felst ekki í þessu neinn ádráttur um að sveitarfélög fái útgjaldaaukann bættan.

Varðandi breytt inntak grunnþjónustu hefur þeirri spurningu verið velt upp hvort veita eigi börnum stuðningsþjónustu skv. nýjum VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Rétt er að hafa í huga hvað þetta varðar að meginreglur IV. kafla laganna gilda áfram eftir breytingarnar. Þessar meginreglur kveða á um að aðstoð og stuðningur snúi jafnt að einstaklingum og fjölskyldum, sbr. m.a. 2. mgr. 12. gr. laganna. Þá er tekið af skarið um það í 1. mgr. 26. gr. nýrra ákvæða um stuðningsþjónustu (sjá meðf. skjal með nýjum ákvæðum innfærðum) að aðstoð skuli veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning. Af þessu er ljóst að það er fjölskylda barns sem telst notandi þjónustu en ekki barnið sjálft. Af þeirri ástæðu skiptir aldursmark barns ekki meginmáli heldur hitt hvernig þörf fjölskyldunnar fyrir stuðning og aðstoð er metin.

Enda þótt NPA-verði nú að lögfestu þjónustuformi ætti utanumhald um NPA-samninga í bókhaldi sveitarfélaga að vera áfram með sama hætti. Rétt er hins vegar að halda því til haga að inn í NPA-samninga kemur að meginstefnu fjárhæð sem svarar til 15 stundum í grunnþjónustu. Sjá nánar meðf. minnisblað um fjármögnun NPA-samninga.

Önnur verkefni

Í þessum pósti hefur verið tæpt á helstu atriðum sem eru í deiglunni nú seinnihluta október mánaðar 2018. Margt fleira er til umfjöllunar og má þar nefna í símskeytastíl þingsályktunartillögu um lögfestingu Sáttmála SÞ um réttindi fatlaðs fólks, lagabreytingar vegna persónuverndar og samnýtingar upplýsinga, leiðbeiningar um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga, stefnumörkun í öldrunarmálum o.fl. Þessi atriði verða efni í næstu upplýsingapóstum.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Meðf.: